



Leitum að starfsfólki í skólamötuneyti. Vertu með í frábærum hóp!

Okkur í Grunnskólanum í Þorlákshöfn vantar hresst starfsfólk í skólamötuneyti á næsta skólaári. Ráðið verður í stöðurnar frá og með 15. ágúst 2025. Í skólanum eru um 280 nemendur og starfsmenn eru um 60 talsins. Skólinn vinnur samkvæmt hugmyndafræði Uppeldis til ábyrgðar og teymiskennslu auk þess sem unnið er að innleiðingu leiðsagnarnáms. Þá tekur skólinn þátt í verkefninu um Grænfána og Heilsueflandi skóla. Einkunnarorð skólans eru *vinátta, virðing og velgengni*.

Viltu vita meira? Kíktu þá á heimasíðuna okkar: <https://www.olfus.is/grunnskolin>.

Um er að ræða tvær stöður þar sem ráðningahlutfall er 60-80%.

Í starfinu felst eftirfarandi:

- Aðstoð við matargerð vegna hádegisverðar og hressingar
- Framreiðsla á mat
- Frágangur og þrif í skólaeldhúsi og matsal

Menntunar og hæfniskröfur:

- Reynsla af starfi í eldhúsi er kostur.
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Stundvísi, snyrtimennska og jákvætt viðhorf

Laun eru skv. kjarasamningi FOSS og Sambands Íslenskra sveitarfélaga. Störfin eru í launadreifingu.


Umsóknarfrestur er til 9. maí 2025.

Nánari upplýsingar veita: Ólína Þorleifsdóttir, skólastjóri og Garðar Geirfinnsson, aðstoðarskólastjóri olina@olfus.is / gardar@olfus.is.

Umsækjandi þarf að skila inn sakavottorði í samræmi við reglur sveitarfélagsins.

Umsóknum skal skilað rafrænt í gegnum heimasíðu Sveitarfélagsins Ölfuss.

<https://www.olfus.is/is/moya/formbuilder/index/index/umsokn-um-starf>



ÖLFUS
Hamingjan er hér